



Alþingi  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

AE/pr

25.11.2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum (hollustuháttaráð), 192. mál.**

Samtök atvinnulífsins styðja efni frumvarpsins og telja mjög mikilvægt að samtökin geti með lögformlegum hætti komið að sjónarmiðum sínum um þau mál er falla undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Löggin eru afar víðtæk og leggja miklar kröfur á atvinnulífið í landinu varðandi heilbrigðiseftirlit, gæðastjórnun, grænt bókhald, starfsleyfi, umhverfisstjórnun og mengunareftirlit svo nokkrir þættir séu nefndir. Eins eru á grundvelli laganna gefnar út gjaldskrár fyrir opinbert eftirlit og fleiri þætti sem tengjast framkvæmd laganna en þær eru m.a. settar af sveitarfélögum vegna heilbrigðisnefnda.

Við endurskoðun laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit árið 1996 kom fram eindregin ósk fulltrúa atvinnurekenda um að þeir fengju með lögbundnum hætti að koma að málum sem falla undir löggin og varða atvinnulífið. Niðurstaðan varð sú að atvinnurekendur tilnefna nú fulltrúa í heilbrigðisnefndir og eiga auk þess fulltrúa í hollustuháttaráði. Starf hollustuháttaráðs hefur hins vegar valdið Samtökum atvinnulífsins vonbrigðum og hefur ekki náð að verða vettvangur sá sem til var stofnað og er því lýst með ágætum í greinargerð með umræddu frumvarpi.

Á síðustu árum hefur hollustuháttaráð nánast einungis fjallað um gjaldskrár heilbrigðiseftirlits og hefur ákveðinn árangur náðst í samræmingu þeirra eftir setningu leiðbeinandi reglna nr. 254/1999 um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit. Löggin veita ráðherra víðtækt vald til að setja í reglugerð ákvæði sem skipt geta atvinnulífið miklu og því mikilvægt að unnt sé að fjalla um þessa þætti í samráðsnefndinni sem gerð er tillaga um þannig að framkvæmd og eftirlit verði sem skilvirkast.

Það er að mati SA afar brýnt að eiga náð samstarf við umhverfisráðuneytið og sveitarfélögin um þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt lögunum og varða atvinnustarfsemi. Því er umrædd tillaga um breytingu á lögunum til mikilla bóta og þá að samráðsnefndin sem taka á við af hollustuháttaráði skuli geta tekið upp mál að eigin framkvæði.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri